Kvennablaðið kost ar 1 kr. 50 au. innanlands, erlendis 2 kr. [65 cent vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júli.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

21. ár. | Reykavik, 7. Mai 1915. | № 3—4.

Gullfoss kominn!

Margir voru orðnir langeygir eftir »skipinu okkar«, þótti það nokkuð lengi á leiðinni, að vera fullan hálfan mánuð milli Íslands og Danmerkur. Og lítið urðu menn rólegri þótt þeir fréttu að það tefðist svona lengi í Leith. — Þess meiri varð gleðin, þegar Gullfoss sást loks líða hér inn fyrir eyjar, hægt og hátíðlega á föstudagsmorguninn 16. apríl í glaða sólskini, umkringdum af fánaskreyttum bátum, og boðinn velkominn hátt og í hljóði af þúsundum karla og kvenna, á öllum aldri.

Blöðin hafa lýst því svo ýtarlega hvernig Reykjavík fagnaði þessu fyrsta íslenzka millilandaskipi, að óþarft er við það að bæta. Alt var á flugi og ferð, og bátarnir gengu allan daginn, troðfullir af fólki fram og aftur, sem voru að skoða skipið okkar. Jafnvel smádrengir, 6—7 ára gamlir, þurftu að fara um borð, til að skoða skipið *sitt*. Þeir áttu þar sjálfir hlut að máli. Höfðu lagt jafnvel heilan 25 króna hlut í fyrirtækið og voru nú heldur roggnir.

Stjórn Eimskipafél. bauð blaðamönnum til morgunverðar út á skipið morguninn eftir, og skyldu þeir einnig skoða það um leið. Var Kvbl. svo frægt að verða tekið með.

Það er með óblandinni ánægju að menn skoða þetta fyrsta skip okkar. Það er alt svo vandað og haganlega útbúið. En sérstaklega bregður mönnum við að skoða 2. farrými, því þar er allramestur munurinn frá því, sem við höfum átt að venjast á dönsku millilandaskipunum. Þar er ágætur lítill og þægilegur setusalur uppi, til að reykja í og spjalla saman. Niðri er góður borðsalur, og sérstakir góðir vel út búnir svefnklefar þar út frá, handa 3—4 hver, og nægilegt rúm fyrir handtöskur. Í öllum herbergjunum er vatnspípa með köldu vatni, rafmagnsljósi o. frv. Sófi og borð er þar einnig, og það sem best er, gott loft og góð loftrás inn í herbergin. Munu margir nota þetta farrými, sem áður hafa neyðst til að taka sér 1. farrými hjá því Sameinaða.

Í ræðunni, sem form. Eimskipafél. talaði fyrir blaðamönnum, mintist hann á hinar miklu vinsældir þessa fyrirtækis og kvað blaðamennina hafa aðallega hjálpað til þessara heppilegu undirtekta, sem án þeirra gætu varla hafa orðið svo almennar.

Auðvitað er það gleðilegt tímanna tákn, að íslenska alþýðan hefir í þessu máli tekið höndum saman um þetta framtíðarfyrirtæki, án þess að láta það koma við póltísku flokkadeilurnar, og skilið að hér var um eitt hið stærsta velferðarmál okkar að ræða. En allra gleðilegustu undirtektirnar finst oss þær vera, að konurnar hafa hér tekið höndum saman við karlmennina, nær því ótilkvaddar, og gert þetta stóra allsherjar mál að sínu eigin samhygðar- og áhugamáli. Og þær hafa gert enn þá betur. Þær hafa ekki einungis gefið þessu fyrirtæki fjárframlög eftir efnum og ástæðum, heldur hafa þær gefið því kærleika sinn og innilegustu velfarnanar óskir. Þær hafa með sínum lifandi áhuga og kærleika, vakið sama áhugann hjá börnum sínum, oft hafa þær tekið þeirra einustu aura, til að gera þau að hluthöfum, og í huga barnsins eru þá þessi skip *þeirra eigin skip*, sem þeim er áhugamál að farnist sem bezt.

Á þenna hátt skapa íslensku konurnar lifvörð af börnum sínum um þetta fyrir-

tæki. Og börnin eru framtíðin. Og þegar bæði nútíð og framtíð fylkja sér um þetta mál, þá vonum vér að því sé vel borgið.

En konurnar hafa einnig sýnt að þær eru þess verðar að menn noti sér fylgi þeirra. Þetta er *fyrsta* stórmálið, sem þær hafa fylgt með lifandi áhuga, og mundu tillög þeirra hafa orðið þar rífari, ef þær hefðu alment haft meira fé undir höndum en þær hafa nú. En vonandi lýkur þá þessi áhugi og hluttaka þeirra upp augum karlmannanna fyrir þeim sannleika, að þá fyrst er um *þjóðarfyrirtæki* að ræða, þegar konurnar taka sameiginlegan þátt í þeim. Og engir geta gert meira að því að greiða framtíðarbraut áhugamála vorra en konurnar, sem mestu áhrifin hafa til að skapa áhuga og trú barna sinna á þeim, og með því tryggja málunum óhult og eindregið fylgi í framtíðinni.

Utan úr heimi.

Kvenréttindamálin.

Þrátt fyrir styrjöld og blóðsúthellingar hætta konurnar ekki að vinna að sínum eigin málum. Einkum eru það Ameríkukonurnar, sem hert hafa á agitationinni fyrir kosningarrétti kvenna. Þess hefir áður verið getið í Kvbl. að 10 ríki af 48 Bandaríkjunum hefðu veitt konum full pólitisk réttindi. Nú í haust sem leið, bættust 2 sambandsríki við, og eitt stórt hérað (»territory«) sem enn þá er ekki orðið að sambandsríki. En auk þessara 12 ríkja hafa nú í vetur 10 önnur ríki haft meðferðis breytingar á stjórnarskrám sínum, sem hafa veitt konum sömu pólitísk réttindi og karlmönnum, og verið samþyktar af báðum deildum þingsins. Sjö þeirra hafa fengið þá $^{3}/_{4}$ atkvæða þingsins, sem stjórnarskráin fyrirskipar, svo þar verður hún lögð undir þjóðaratkvæði í haust, í einu ríkinu verður frumvarpið að bíða til 1916, og tvö fengu ekki fulla $^{3}/_{4}$ atkvæða í annari málstof. unni, en þar verða breytingarnar teknar upp aftur. Sem stendur eru stjórnarskrárbreytingar og kosningarlög til sveita- og bæjarstjórna á ferðinni í 23 ríkium og hafa þær allar kosningarrétt kvenna sem aðalbreytingu. Í New-York samþyktu báðar þingdeildirnar kosningarbreytinguna í einu hljóði.

Enskar konur halda jafnt og þétt áfram baráttu sinni, samhliða öðrum störfum í þarfir þjóðarinnar. Stærsta landsfélag kvenna ákvað á aðalfundi að gera alt, sem því væri unt, til að halda uppi stöðugri »agitation« fyrir kosningarrétti kvenna.

En einbeittust í »agitation« sinni, og aðfinslum við stjórnina, er gamla Mrs. Despard ritstjóri »The Vote«. Hún er systir French yfirherforingja Bretahersins. Þegar enska stjórnin nú fyrir nokkru lét áskorun útganga til kvenna að taka sem flest af embættum og stöðum karlmanna að sér, þær sem væru útlærðar í sérstökum greinum yrðu þegar settar í stöðurnar, en hinar fengju vissan tíma til undirbúnings, — þá héldu konur feiknastóran fund með fulltrúum frá fjölda landsfélaga, og tóku nokkrir af þingmönnum og ráðherrum þátt í fundinum. Kröfðust þær sömu launakjara handa konunum í þessum nýju stöðum. Kváðu gott að stjórnin léti sér loks skiljast að þær væru jafnfærar að gegna þeim og karlmenn, ef það væri ekki gert til þess að misbjóða þeim enn þá einu sinni, með því að setja þeirra laun lægra en karlmannanna. Vinnutíminn yrði líka að vera jafnlangur.

Lloyd George svaraði þeim og kvað launakjörin mundu verða jöfn- —

Annars hefir það reynst svo að þótt konur hafi nú í ófriðinum fengið allgóð laun í fyrstu, þá hafa þau lækkað eftir lítinn tíma. T. d. eins og hjúkrunarkonurnar ensku, sem fóru til herstöðvanna í Frakklandi, þær fengu í laun í fyrstu 2 gíneur = 22 krónur á viku, en eftir lítinn tíma voru laun þeirra lækkuð um helming, en laun allra karlmanna við herinn héldu sér. Og þó lifa hjúkrunarkonurnar í stöðugri lífshættu, bæði á vígvöllunum við að leita særðra manna og flytja þá til spítalanna, og við þá hættu. sem fylgir því að hjúkra þar. Hafa margar þeirra fengið blóðeitrun, og mist ýmist alveg lífið eða limi. — En þær hafa verndun lífsins að atvinnu, en ekki manndráp og hverskonar glæpsamleg hryðjuverk, eins og hermennirnir, og því vill ekki stjórnin gjalda þeim sómasamleg laun.

Systurnar.

Ég kannast við gleðina gljúpa
með geislaband mikið um enni
og sorgina séð hefi ég djúpa;
ég sá inn í augun á henni.

Já, sannlega hefi ég séð þær,
því saman við hvíldum á beði,

er kærleikur kom til mín með þær,
hann kynti mér sorgina og gleði.

Og báðar þær sögur mér sögðu
og sannorðar lýsingar gáfu.
Til skiftis þær skröfuðu og þögðu,
til skiftis þær vöktu eða sváfu.

Og gleðin er ljósgjafi lýða,
sem ljómi frá Paradís streymi,
en sorgin, hin bljúga og blíða
er bróður hins „mesta í heimi".

Ólöf.

Konurnar og stríðið.

Aldrei frá því er fyrst fara sögur af, hafa aðrar eins hörmungar geysað yfir heiminn og nú. — Stríðið mikla, sem svo að segja allar stórþjóðir heimsins taka þátt í, er einhver hinna hrikalegustu og hörmulegustu viðburða, sem mannkynið hefur orðið þátttakandi í og sjónarvottur að. Drepsóttirnar skæðu, er á miðöldunum geysuðu um löndin og deyddu miljónir manna, eru smáræði hjá því. — Því orsakir þeirra voru þá ókunnar og enginn þorði að segja að þær væru sjálfskaparvíti mannanna. — Nú er þekkingin fyrir löngu búin að sýna upptök þeirra og finna ráð til þess að hefta framrás þeirra. Enginn óttast þær lengur. — En hálfu verri þeirri óáran eru stríðin og þessi langstærsta styrjöld tekur þó út yfir. Oss finnst, sem ennþá sé löng leið að fullkomnunar takmarkinu og spyrjum sjálfa oss undrandi: »Hvað er orðið af allri þeirri menning, mannúð og réttlæti, sem vér hingað til höfum trúað á«. Og vér höfum ástæðu til þess að spyrja svo. — Vér höfum orðið fyrir vonbrigðum. Þið kannist allar við hina alþjóðlegu verkmannahreyfingu — jafnaðarmannastefnuna. — Sú hreyfing hefur breiðst út um öll lönd — hún hefur myndað bræðralag meðal verkmanna allra þjóða — alþjóðlegir verkmannafundir hafa verið haldnir — alþjóðlegir styrktarsjóðir verkmanna settir á stofn. — Önnur öflug alþjóðahreyfing er kristilegur félagsskapur ungra manna. Í þeim félagsskap hafa ungir menn, frá öllum löndum, mæst sem bræður. — Þessi tvö öflugu og víðtæku félög virtust vera svo samgróin, að eigi mundi auðgert að fá félaga í einu landinu til þess að heyja orustu við bræður sínar í næsta landi. Og friðarvinir gerðu sér miklar vonir um að þau mundu eiga öflugan þátt í því, að gera hugsun þeirra, alþjóðafriðinn, að veruleik. Allir þeir draumar hafa reynst táldraumar, jafnskjótt og stríðið mikla hófst, gleyma jafnaðarmenn öllu sínu bróðurþeli til stallbræðra sinna í óvinalandinu. Kristilegt félag ungra manna í Þýskalandi hætti allri samvinnu við félagið í Englandi og þúsundir ungra manna úr þessum tveim félögum berast nú á banaspjótum.

Það er ávalt talið að af þeim stefnum er mest hafa haft áhrif á andlegt líf manna á 19. öld séu jafnaðarmannastefnan og kvenréttindahreyfingin lang fremstar. Og að engar stefnur hafi eins og þær, haft vald til þess að sameina hugi karla — og kvenna um eitt og sama málefni. —

En þó oss finnist að jafnaðarmenn hafi gengið á bak hugsjónum sínum nú, síðan ófriðurinn hófst og oss sárni það að þeir skuli ekki hafa beitt öllu afli sínu til þess að koma í veg fyrir ófriðinn — t. d. með samtökum um að neita að gegna herþjónustu, þá getum vér þó, er vér lítum á málstað þeirra, réttlætt þá með því, að æsing sú, er virðist hafa gripið huga allra eða flestallra karlmanna, hafi orðið þeim yfirsterkari. — Við hér á landi, sem eigi höfum neitt af herþjónustu eða heraga að segja, getum eigi til fulls skilið hve djúp ítök margra alda gamall heragi og það réttmæti hnefaréttarins, er honum fylgir, hefir á hugi manna. —

Konurnar hljóta samkvæmt öllu eðli sínu og uppeldi að líta alt öðrum augum á styrjaldir en karlmenn — því á ófriðartímum verður hlutverk þeirra alt annað en karlmanna — Þær taka engan verklegan þátt í baráttunni, þær fara á mis við þá hrifningu, er í augnablikinu getur gert stríðið dýrðlegt og dauðdagann á vígvellinum eftirsóknarverðan. — Hlutverk þeirra verður að senda burtu menn sína og syni og bíða svo úrslitanna heima. Eða þá að fylgja eftir til vígvallarins, sem hjúkrunarkonur — og þar sjá þær ekkert af því, er gerir stríðið glæsilegt, heldur aðeins þá hlið þess, er sýnir það í allri þess ógn og skelfingu.

Þess vegna hljóta konurnar að verða réttlátustu og óvilhöllustu dómendurnir og uppreist sú, er þær hefja gagnvart ófriðnum, réttmæt. Vér sjáum það og dáumst að því að konur ófriðarþjóðanna halda áfram samvinnu sinni, þrátt fyrir alt er á

milli ber. Alþjóðafélagsskapur kvenna virðist vera það eina band, er eigi brestur á þessum skelfingartímum. Konur finna þörfina á friðnum, þær hafa nú stofnað til alþjóðlegs fundar í Haag til þess að ræða um frið. Af hug og hjarta munu allar konar nær og fjær árna friðarviðleitni þeirra sigurs.

Konur í öðrum löndum hafa ritað margt um stríðið og hefi eg leyft mér að þýða grein eftir einn hinn merkasta kvenréttinda rithöfund vorra tíma, Ellen Key. Grein þessi kom út nokkru eftir nýárið og kallast:

Upprisin helga.

»Vér konur, í öllum löndum, höfum nú að baki oss jól, ólík öllum öðrum jólum, er vér nokkru sinni höfum haldið hátíðleg. —

Vér, sem eldri erum, höfum venjulega oftar en einu sinni, heyrt jólakveðjuna, er boðar frið á jörðu, hljóma út yfir heim, þar sem einhvernstaðar hefur verið háð styrjöld. En enginn hefir nokkru sinni verið sjónarvottur að jafn blóðugri storkun á móti jólaboðsskapnum, og þessari yfirstandandi heimsstyrjöld. Hefur þá nokkur óblandin jólagleði getað fylt hjörtu annara en smábarnanna.

Fyrir oss hefur jólagleðin í ár öðru fremur verið falin í þakklátssemi yfir því að jólafriður hefur fengið að hvíla yfir landi voru, að jólasnjórinn varð eigi blóði roðinn, og að ófriðarbálið hefur eigi stigið upp móti jólahimninum; — að á óteljandi heimilum hafa fjölskyldurnar í sameiningu getað notið gamalla jólasiða og rifjað upp kærar jólaendurminningar.

En þær konur, sem í ár hafa undirbúið jólahátíðina á heimilum lands vors, hafa eigi getað fundið til hinnar sönnu og barnslegu gleði, er áður gagntók hjörtun. Þegar þær hafa verið að fylla skápana af jólagóðgætinu, fága og hreinsa erfðagripina, eða hengja grænt lauf um myndir kærra ættingja, hafa þær með hryggum huga hugsað til allra þeirra, hverra erfðagripir eru eyðilagðir, og sem nú ekki eiga nokkurt skýli, þar sem þeir geti safnað saman vandamönnum sínum til hátíðahaldsins. Og húsmæðurnar á sveitabæjunum, sem láta umhyggjusemi sína einnig ná til skepnanna, hafa eigi getað gefið þeim jólagladningginn sinn, án þess um leið að hugsa til allra þeir fjölskyldna, sem orðið hafa að sjá af skepnum sínum í eldinum, séð þær skotnar niður eða tortímt á annan hátt. Og þegar konurnar hafa horft á glöðu andlitin barnanna sinna og séð mjúkar barnahendurnar teygja sig eftir jólatrénu eða jólakertinu, hafa þær hugsað um öll þau börn, er slitin hafa verið frá foreldrum sínum, og augu þeirra hafa fylst tárum, við umhugsunina um kjör þessara barna og örvæntingu foreldranna er árangurslaust leita og leita. Og þegar konur lands vors, hafa séð menn sína, er horfið höfðu heim frá herstöðvunum sitja við jólaborðið, hafa þær eigi getað horfst í augu við þá, án þess að fá sting í hjartað. — Því þær hafa séð frammi fyrir ser, óteljandi konur, er á þeirri stundu hafa setið og starað á auðu sætin, sætin, sem aldrei framar munu verða skipuð, eða þá skipuð örvasa aumingjum og sjúklingum. Og hafi konan lotið niður að höfði einhvers ástkærs gamalmennis og strokið það mjúklega, þá hafa tár fallið á hærurnar, við hugsiunna um öll þau gamalmenni, sem á næturþeli hafa flúið skelfingar ófriðarins, staulast burt frá heimilunum, er áttu að veita þeim hvíld eftir vel unnið dagsverk, og nú ganga hin þungu spor landflótta beiningamannsins.

Þar, sem að börn eru á heimilum — börn, sem þarfnast gleðinnar — þar hafa konurnar ef til vill haft þrek til þess að vera glaðar. En hver hefur annars getað það? Hver sá, er eigi er í flokki þeirra sem enga tilfinningu hafa fyrir öðrum en sjálfum sér og sínum allra nánustu.

Nú eru jólin liðin og nýtt ár byrjað. Um gamla árið, er kvaddi, má með sanni segja, að það var:

»eins og fley er fyrir vindi
flýtur að ókunnri strönd«.

Hver gat við byrjun ársins 1914 gert sér í hugarlund hvernig heimurinn myndi líta út við lok þess. Tæplega hafa jafnvel þeir, er undirbjuggu heimsstyrjöldina, getað séð fyrir skelfingu hennar? Hvernig hefðu þeir þá haft hug til þess að koma henni af stað?

Og enn þá sjáum vér engar líkur þess að harmaleikur þessi muni brátt taka enda. Þeir, sem vona að friður sá, er saminn verður, reynist tryggur, þá vantar að minni hyggju, því miður þann grundvöll, er þeir geti bygt von sína á. Því, eigi fyr en eftir að friður er saminn, og sú æsing er nú fyllir hugi þjóðanna, sem er bein afleiðing styrjaldarinnar, hefur náð að sefast, getur hið hægfara starf í friðarins þágu farið að bera ávöxt. Aðalatriðið í þessu starfi verður að byggjast á reynslunni um það, hvaða áhrif stríðið hafi haft á þjóðirnar í heild. Og þessi reynsla

hlýtur, að því er Evrópuþjóðirnar snertir, að grafa ræturnar undan þeim vana hugsunarhætti, er styður kenninguna um nauðsyn og nytsemi stríðsins.

Það verður næsta þýðingarmikið fyrir friðarhreyfinguna hvernig konurnar hagnýta sér þessa reynslu. Því hugsanir og tilfinningar kvennanna geta orðið öflug alda — er að neðan brýtur upp ísinn, sem vaninn hefur lagt yfir tilfinningar og skoðanir karlmanna á stríðunum. — Einasti ljósglampinn, sem nú er hægt að eygja, er einmitt það hatur kvennanna á stríðunum sem nú er að vakna. Austurrísk móðir — er á tvítugan son á vígvellinum — ritar nýlega á þessa leið:

»Hjarta mitt er harmþrungið vegna hinnar blóðugu ógna þessa ófriðar. — Það verður eigi frá sér numið, gleðst eigi af sigurfregnunum. Eg heyri aðeins tárastrauminn, er fellur af augum eiginkvenna og mæðra og það hvernig guð kærleikans andvarpar. Ó, að það gæti vakið veröldina«.

Hin heilaga uppreist kvennanna móti styrjöldunum verður ein af þeim, sem mun flytja oss að friðarpólitíkinni, vissunni um það, að hve mikið sem þjóðirnar geti unnið í ófriði, verður þeim ávinningi aldrei jafnað til hálfs á við það tjón, er af ófriðnum leiðir. Setjum svo að bardaginn væri háður milli þeirra manna er úrkynja væru á meðal þjóðanna, þá væri ef til vill hægt að tala um vald ófriðarins til þess að lyfta þjóðunum hærra. En á meðan styrjaldirnar úthella blóði hinna hraustustu manna, eru þær svo mjög eyðandi fyrir þjóðirnar að ef að konurnar væru eigi undanskyldar herþjónustu, og því gætu látið hraustleika sinn ganga í erfðir, væri frá því sjónarmiði stríð mjög ábyrgðarmikið, jafnvel fyrir þá þjóðina er sigur ynni. Hér er því eitt af þeim sviðum, er konur verða að hefja uppreist sína gegn falskenningunni um kynbætandi og þjóðfélagseflandi kraft stríðsins. — En fyrst og fremst verða konurnar að byrja uppreistina á því sviði, er hingað til hefur verið svo mjög vanrækt: uppeldinu. —

Til þess að yfirvinna anda ófriðarins verða mæðurnar þegar á meðan börnin eru kornung að innræta þeim, að réttur væri undirstaða alls valds — og að hægt sé að ná rétti sínum án þess að reiða hnefann. Það þarf snemma að byrja — það er dropinn, er stöðugt drýpur, er að lokum holar steininn. Það er reynslan, marg endurtekin, er að lokum festir réttlætistilfinninguna í huganum. Það eru stöðug mótstaða, er smám saman temur villidýrið í barnseðlinu. Þegar börnin stálpast, verður móðirin að kenna þeim, að innbyrðis hjálp sé náttúrulögmál engu síður en innbyrðis barátta. Um fram alt, verða börnin að vera þess viss að mestu hetjurnar voru þeir, er börðust til þess að hjálpa öðrum, en eigi hinir er börðust fyrir eigin völdum eða heiðri. Þeim verður að skiljast það, að sigurinn er eigi trygging þess að málstaðurinn sé góður og að ósigur sannar eigi að málstaðurinn sé slæmur.

En konurnar eiga eigi aðeins að mæta hinu nýbyrjaða ári með þeim heilaga ásetningi að — nú frekar en nokkru sinni áður — helga krafta sína friðarstarfseminni í sálunni. Nei, þær verða einnig að sameina sig í því að stækka það svið, þar sem þær geta látið réttlætið sigra ranglætið. Og til þess, verða þær að segja hinum æfagamla og úrelta hugsunarhætti, að köllun konunnar sé önnur en köllun mannsins, stríð á hendur. Þessi skoðun kom mjög einfaldlega fram í einni jólamynd. Sem listaverk hafði myndin ekkert gildi, en hún var allt um það umhugsunarverð. Myndin sýndi annarsvegar hermann á verði, hinsvegar sést heimili hans þar sem konan og börnin eru umhverfis jólatréð. — Drengurinn er herklæddur en stúlkan leikur sér að brúðu sinni. Þannig leggja foreldrarnir undirstöðuna að því er á sínum tíma mun gera börn þeirra að því sama og þau sjálf eru nú — hermenn er bíða dauðans, og syrgjandi eiginkonur. Þannig hefur verkaskiftingin verið frá alda öðli. Konurnar hafa gefið líf — mennirnir sókst hver eftir annars lífi — konurnar hafa skapað heimili — mennirnir varið sín eigin heimili, en eyðilagt heimili annara. Og þessi niðurröðun hefur verið álitin sjálfsögð og eðlileg, engum hefur dottið í hug að róta við henni.

Og vissulega yrði það mannkyninu til óheilla ef sú verkaskifting yrði afnumin, er ræður því, að konurnar starfa meira inn á við, en karlmennirnir meira út á við. En ef vér viljum mynda nýja veröld, þar sem menn eigi halda áfram sömu hringferðinni og nú; að konurnar fæði og ali upp ný líf, til þess að þeim sé eytt á vígvellinum; verða konurnar að rísa upp allar sem ein, með einn sameiginlegan vilja á að binda enda á félagsskipun, er öld eftir öld hefir gert móðurkærleik og móðuráhyggjur þeirra tilgangslausar. Því það er fásinna að vera á friðartímunum að reyna að ala upp kynslóð nýtari hinni fyrri, til þess eins, að henni sé fórnað á vígvellinum.

Hitt er skynsamlegra að stuðla að því að

réttur þjóðanna sé verndaður með lögum í stað ofbeldis. Skynsamlegt að konurnar verði meðráðandi í því landi, fyrir hvert þær ala og uppala hina nýju kynslóð.

Á þessu skelfinganna ári, er nú hefur hulið sinn blóðuga hjúp í náttmyrkri liðna tímans, hefur einn atburður orðið mér tákn framtíðarmöguleikans.

Í Rómaborg komu saman í októbermánuði fulltrúar frá 55 ríkjum — þar á meðal frá öllum ófriðarríkjunum — til þess að halda hinn alþjóðlega landbúnaðarvísindafund. Meðan jörðin vökvaðist blóði, huldist líkum og tættist sundur af sprengikúlum, var það umhyggjan um *móðurnæringuna*, sem á ófriðartímunum sameinar fulltrúana einnig frá ófriðarþjóðunum.

Sá dagur mun koma, er umhyggjan fyrir móðurkölluninni á sama hátt saman safnar fulltrúum alls mannkynsins. Eigi munu þá — frekar en nú — stríð meðal þjóðanna, tálma friðsamlegri samvinnu er stefna að því, að gefa þessum tveimur miklu lífsetjandi og lífsverndandi öflum — móðurinni og jörðunni — sinn rétta stað í tilverunni.

Of lengi hafa mæðurnar sætt sömu meðferð og jörðin. Móðir jörð, sem átti að þola alt og þó án afláts gefa. Langt er síðan mönnum skildist það, að þetta er misskilningur að því er jörðina snertir. Á meðan þolinmæði kvennanna helst, fremja mennirnir hina sömu yfirsjón gagnvart þeim. En þessi ófriður leiðir óðfluga að því að þolinmæði kvennanna þrjóti.

Konurnar — eins og jörðin — hafa styrjöld eftir styrjöld notað krafta sína til þess að endurnýja það, er styrjöldin eyddi.

Það munu þær gera einnig nú. En ætli það verði, eins og áður, án allrar umhugsunar? Eða mun ei árið er leið, og það ár, er nú byrjar, verða til þess að vekja þúsundir kvenna og kenna þeim, að það er skylda þeirra gagnvart fósturjörðinni, að krefjast réttar, til þess að ráða að sínu leyti örlögum sínum og barna sinna. Að karlmennirnir séu eigi einfærir um það. Þar um ætti árið 1914 seint og um síðir að hafa sannfært — jafnvel karlmennina sjálfa.

Þegar konurnar hafa unnið rétt til þess að ráða með í þjóðfélagsmálunum, mun hinn lifandi, mannlegi máttur, sem nú í gengdarleysi er fórnað, af svokallaðri stjórnarfarslegri nauðsyn, verða talinn dýrasta eign hvers ríkis. Og fremsta hlutverk stjórnhyggindanna verður þá að vernda, efla og göfga þennan mátt. Við það verður friðarhugmyndin vakandi og áhuga stjórnmálamannanna beint að því að leysa úr þrætunum á friðsamlegan hátt í stað þess, sem nú, með vígbúnaðarsamkepni.

Þetta er sú eina framtíðarvon er eg get gert mér. Og þessi von hvílir á engu öðru en áliti mínu á insta krafti kveneðlisins. Er ekki allri móðurtilfinningu svo mjög storkað með þessum ófriði, að það hlýtur að draga að því að konur rísi upp allar sem ein á móti ranglætinu. Vöxtur og blómgan þjóðanna er sú von, er menn nú fórna lífi sínu. Takmörk kvennana er hið sama, en hjá þeim verður vissan um það, að mannkynið verði að leita nýrri ráða til þess að ná því marki, æ öflugri og ákveðnari«.

Inga Lára Lárusdóttir.

(Fyrirl. haldinn í Kvenréttindafél. í Rvík.)

Danmörk lærir stjórnvizku af Íslandi!

Það tákn tímanna hefir borið við að allir stjórnmálaflokkar í Danmörku hafa komið sér saman um nýtt Grundvallarlagafrumvarp, sem þeir eru ásáttir um að láta ganga fram og gengið verði til kosninga um, *ævingalaust* í vor. Vona menn að það verði orðið að lögum 5. júní næstkomandi sjálfan Grundvallarlagaafmælisdaginn. En það allra furðulegasta í þessu máli er það, að flokkarnir hafa allir tekið upp hinn nafnfræga íslenzka, stjórnvizkulega búhnykk, að veita ekki konum fullan kosningarrétt, heldur smá skamta þeim hann úr hnefa í 15 ár, þannig, að byrjað sé á þeim fertugu og svo haldið ofan eftir þangað til að 16 árum liðnum að allar 25 ára konur hafi fengið hann.

Auðvitað munu hinar dönsku systur vorar eins og vér, verða fegnar að fá þessum rétti þeirra slegnum föstum, heldur enn að verða að berjast um hann með öllum ráðum um marga tugi ára enn þá, og sjá þó engan árangur. En ilt og broslegt er það þó, að sjá hvernig

heimska mannanna drotnar enn þá í hásætinu, þrátt fyrir alla menningu og alt frelsis og réttlætisglamrið. Enn þá má, og það í alvöru syngja með fjálgleik »Lofkvæði heimskunnar«, þessarar »Alheims drotnandi, aldrei þrotnandi, þéttgjörvu, þrekbygðu, þrautgóðu, eldtrygðu, margreyndu, háttvirtu *heimsku*«, sem allstaðar »yfirgnæfir feit og rík« og ekki sizt í landanna »lofsverðu pólitík«.

En þótt Danir knésetji nú þetta íslenzka óskabarn, þá lítur þó út sem þeim ætli að farast viturlegar og drengilegar en vorum íslenzku stjórnmálamönnum að þeir muni þó ekki ganga frá öllu saman á síðasta augnabliki, heldur gera þetta að samningsatriði, vegna þeirra, sem óttuðust svo mjög kjósendafjölgunina, og sætta sig svo við að halda gerða samninga. —

En — hver veit nema vorir íslenzku flokksforingjar fari þá að dæmi þeirra í því efni, og bindi nú loks heppilegan endahnút á þetta mál, sem orðið hefir þeirra stóri ásteytingarsteinn. Vér viljum vona að svo verði, svo menn fari nú loks að geta unnið nokkurnveginn friðsamlega að öðrum nauðsynjamálum þjóðarinnar — bæði karlar og konur í sameiningu.

* * *

Síðan þetta var ritað hefir fréttst að Dönsku Grundvallarlögin voru samþykt í Ríkisþinginu 24. apríl s. l. Fara því fram nýjar kosningar í vor.

Frá Ungverjalandi.

Dauði og fæðing.

»Um sama leyti og því var lýst yfir, að manndráp væri mesti greiðinn, sem nokkur gæti unnið landi sínu og þjóð, voru miklu víðtækari tilraunir gerðar til þess að verna mæður og börn hér, en nokkuru sinni áður. Hjónabönd gátu áður ekki átt sér stað, hve mikið sem á lá, ef lítilfjörlega pappírsörk, fæðingarvottorðið, vantaði, börn fædd utan hjónabands, áttu sér engrar uppreisnar von. En nú má sleppa öllum lýsingum, án sérstakrar undanþágu, leyfi foreldranna er ekki framar nauðsynlegt, skilnaðarfresturinn þarf ekki að vera útrunninn. Hermenn í skotgryfjunum geta gift sig ef þeir einungis láta þá ósk í ljósi *bréflega* og geta útvegað sér svaramann!

Lögin um framfærslu ríkisins á hermanna fjölskyldum, gera á engan hátt upp á milli skilgetinna og óskilgetinna barna, svo framarlega, sem faðirinn gefur með barninu.

Það eitt nægir, að faðirinn hafi gengist við barninu — fæddu eða ófæddu — áður en hann lagði á stað í ófriðinn. Bæjarstjórnin í Budapest ætlar að senda bænarskrá til landsstjórnarinnar, þess efnis, að fara fram á að uppeldisstyrkur ríkisins til barna þeirra manna, er fallið hafa í ófriðinum eða dáið hafa af veikindum og þreytu í þjónustu hersins — verði veittur eftir sömu reglum.

Í vetur sem leið — þegar þingið hafði til meðferðar frumvarp til borgaralegra laga, reyndum vér árangurslaust að fá þingmennina til þess að fallast á þessi sömu grundvallaratriði.

Sú deild félags vors, sem vinnur að vernd mæðra og barna — hefir því aðallega snúið sér að því að hjálpa einstæðum konum hermannanna hjálpa mæðrum áður en fæðingar bera að höndum, sjá um að þær hafi sómasamleg húsakynni og góða fæðu — útvega þeim hjúkrun og læknishjálp, og sjá þeim fyrir léttri vinnu — þegar þær eru orðnar hraustar aftur.

Þessar „herbrúðir" sem þær eru kallaðar í mörgum ófriðarlöndunum, njóta nú almennrar hluttekningar, bæði einstakra manna og yfirvaldanna — hversu lengi sem það varir. — «

Noregur.

Ný barnalöggjöf.

Norska stórþingið hefir nýlega samþykt nokkura kafla úr harnalöggjöfinni, sem í mörg ár hefir verið þar á döfinni, og mikið hefir verið rifist um. Fyrverandi ráðherra Castberg, hefir verið aðalmaðurinn í þessari agitation, og nú komið því fram í stórþinginu. Kvbl. hefir fengið þessi frumvörp í hendur, og setjum vér hér helstu atriðin úr þeim. Í framsögu sinni fyrir þessum lögum, komst Castberg meðal annars svo að orði:

„Þessi framvörp hafa í aðalatriðunum þann tilgang að styrkja réttlætið, sannleikann, ábyrgðina og siðferðið. Þau miða fyrst og fremst sérstaklega að því að gefa óskilgetna barninu sömu réttindi og skilgetnum börnum, og veita ógiftum mæðrum óháða og trygga stöðu. Lögin vilja verna

smáhörn og, aldrei trúi ég því, að það muni veikja hjónabandið, eða leysa upp fjölskyldulífið.

Nú eru 30 ár síðan þetta mál var fyrst tekið fyrir í Stórþinginu. Hugsið yður hvílíkar ógna þjáningar og ranglæti, sem börn og mæður hafa orðið að þola frá þjóðfélagsins síður öll þessi ár, af því vér höfum vanrækt skyldur vorar.

Í Noregi fæðast árlega um 6000 óskilgetin börn, og af þeim deyja á fyrsta árinu hálfu fleiri tiltölulega, en af skilgetnum börnum. Þetta er það, sem þessi lög vilja bæta úr, ekki einungis með því að skerpa meðlagsskylduna, heldur með því að fá það upplýst hver faðirinn sé, og fá ábyrgðartilfinningu hans vakta.

Réttur barnsins til föðurnafnins og móður.

Um réttarfarslega stöðu óskilgetinna barna var samþykt:

Að börn, sem eiga foreldra sem ekki hafa gifst, verði í sama réttarfarslegú sambandi við föðurinn og móðurina, að stöku undantekningum fráskildum, sem lögin ákveða nánar.

Barnið hefir sama rétt til ættarnafns föðursins og móðurinnar. En ef það er ekki nefnt ættarnafni föðursins þegar eftir fæðinguna, en tekur það upp síðar, þá gilda sömu reglur og um önnur nafnaskifti.

Barnið hefir rétt til að fá uppeldi og mentun eins og faðirinn, eða eftir hans efnum. En ef móðirin er efnaðri, þá eftir hennar mentun og efnum. Bæði foreldrarnir eiga að kosta uppeldi, meðgjöf og fræðslu barnsins. Það skal alast upp eftir stöðu þess foreldrisins, sem betur er sett.

Barnið á að vera hjá móðurinni. eða þeim, sem hún trúir fyrir því.

Meðlagsupphæðin miðast við efni og ástæður foreldrunna, þannig að þau kosta meðlagið þannig að hvort þeirra greiði tiltölulega jafnt eftir efnum og öðrum ástæðum. Ef annaðhvnrt þeirra getur ekki greitt neitt af kostnaðinum við barnið, þá verður hitt þeirra að bera hann allan, svo framarlega sem það álíst fært um það.

Kostnaðinn við fæðinguna og sængurleguna ásamt óaðfinnanlegri aðhlynningu og hjúkrun, skal faðirinn greiða til móðurinnar sjálfrar. ásamt öllum kostnaði til yfirsetukonu og læknis.

Faðirinn skal leggja fram nokkuð af fæðis og húsnæðiskostnaði móðurinnar síðusiu 4 mánuðina fyrir fæðinguna. Þessi styrkur er ákveðinn venjulega 20,00 kr. mánaðarlrga í borgum, en 15,00 kr. til sveita. Ef faðirinn er ekki fátækur, þá skal styrkurinn hækka samkvæmí hans fjárhagslegu ástæðum.

Sami erfðaréttur, sem barna, fæddra í hjónabandi.

Viðvíkjandi erfðarétti óskilgetinna barna var þetta samþykt:

Börn foreldra, sem ekki hafa gifst saman, hafa sama erfðarétt eins og skilgetin börn.

Með þessu verður þó engin breyting á hinum núgildandi ákvæðum um óðalsrétt eða ábúðarrétt skilgetinna barna, þegar um erfðaskifti er að ræða, eftir föður eða föðurfrændur, nema faðirinn hafi skriflega ákveðið að barnið skuli hafa óðalsrétt, og þá fær það hann eftir sömu reglum og það væri skilgetið.

Foreldrar óskilgetinna harna, erfa þau á sama hátt og þau væru skilgetin, bæði móðirin og móðurfrændur, og faðirinn og föðurfrændur.

Eftir þessum lögum fá því óskilgetin börn sömu réttarfarslegu stöðu og skilgetin. Rétt til ættarnafna beggja foreldranna, og erfðarétt eftir þau bæði og þeirra frændur, og uppeldisstyrk, og meðlag frá föðurnum hækkað.

Auk þess hefir lögunum verið breytt í þá átt að bæta kjör mæðra, bæði giftra og ógiftra.

Ef barnshafandi kona getur ekki haft ofan af fyrir sér, og ef hún hefir ríkisborgararétt í Noregi, þá getur hún heimtað styrk af fátækrasjóði, þar sem hún á heima síðustu 6 vikurnar fyrir fæðinguna.

Gift kona getur að eins krafist hjálpar ef maður hennar er dauður, hefir skilið við hana, eða er á einhvern ótilhlýðilegan hátt þess valdandi að þau geta ekki búið saman.

Sé einhver móðir svo nauðstödd að hún neyðist til að láta barnið frá sér til annara, ef hún fær ekki hjálp, þá getur hún krafist hennar af sveitarsjóði, þar sem hún á heima.

Þessi hjálp til mæðra, telst ekki vera fátækrastyrkur.

En vegna þess að þessi lög auka útgjöld sveita- og bæjarfélögum, þá skulu þau ekki ganga í gildi fyr en 1916.

En lögin um nafna- og erfðarétt ganga þegar í gildi.

Geislabrot utan úr dimmunni.

Nú, þegar mest öll Norðurálfan logar í ófriðar og orustubáli, sem karlmennirnir hafa hlaðið og kveikt í, þá er fróðlegt að sjá til samanburðar hvað konurnar hafa haft fyrir stafní. Venjulegast segja karlmennirnir að þeirra gæti ekki á ófriðar-

tímum, þær hafi engar varnarskyldur og taki engan þátt í ófriðnum.

En konurnar bera fullkomlega sinn hluta af allri ófriðarbyrðinni. Í fyrsta lagi verða þær að láta feður, bræður, unnusta og eiginmenn sína í stríðið, með þeirri vissu að líklegast sé að þeir komi aldrei aftur, eða þá óbætanlega örkumlaðir, ef þeim auðnist að halda lífi. Þær verða að útbúa þá eftir föngum, og taka flest öll verk þeirra að sér heima fyrir, ásamt sínum eigin störfum. Þær verða yfir höfuð að sjá um sín eigin bú, og landsbúið í heild sinni. —

Landbúnaður, iðnaður og verzlun, hvílir að miklu leyti á herðum þeirra, sömuleiðis kenslan í skólum og ýms embætti, sem þær hafa aldrei haft áður, t. d. í Þýskalandi hefir kona verið gerð að yfirspítalalækni, með sama vegsauka og heilbrigðismálaforingjar. Auk þess eru hjúkrunar- og líknarstörfin að mestu eða öllu leyti í þeirra höndum á hernaðarsvæðunum undir tilsjón læknanna. Fjöldi hjúkrunarkvenna, bæði frá Rauðakrossinum, nunnur og aðrar konur, hafa fallið i valinn, orðið fyrir skotum óvinanna, þegar þær voru að leita særðra manna og reyna að koma þeim úr valnum og flytja þá á spítala.

Og undir öllum þeim hörmungum, sem fyrir augu og eyru þeirra hefir borið, hafa þær allar verið gagnteknar af þeirri sameiginlegu ósk og viðleitni, að draga úr sársaukanum, græða sárin og viðhalda lífinu. Það hefir verið konunnar fyrsta viðleitni og lífstarf frá alda öðli.

Fjöldi kvenna hafa fengið ýmsa viðurkenningu og tignarmerki fyrir sína sjálfsfórnandi framgöngu við þessi störf. Menn hafa ekki annað getað en viðurkent nauðsyn þeirra, hraustleika og fórnfýsi. Hermennirnir hafa bæði í spítulunum og skotgryfjunum sungið þeim lof, og tjáð þeim þakklæti sitt. Bréf hermannanna eru oft full af þakklæti til þeirra, og áskorun til kvennanna í heiminum að taka höndum saman gegn þessum blóðugu slátrunum þjóðanna. »Mamma ertu þarna«, kallaði einn hermaðurinn í óráði á spítala og margir þeirra segja að friðurinn — stöðugur alþjóða friður, verði að fá konurnar að forgöngumönnum.

Og samhliða þessari starfsemi til að viðhalda þjóðarbúskapnum, búa hermennina út að fötum og öðrum nauðsynjum, og líkna særðum og deyjandi mönnum, þá eru konurnar hvervetna farnar að vinna að undirbúningi friðarins. Í Jus Suffragii, blaði Alþjóðakvenréttindafélagsins, rita konur úr öllum ófriðarlöndunum og víðar að, og allar eru þær á einu máli um að konum beri nú að vinna af öllum kröftum að því að breyta hugsunarhættinum, og fá menn til að semja og koma á varanlegum friði.

Hollenskar konur hafa orðið fyrstar til að bjóða öllum konum að taka þátt í Alþjóðafriðarkvennafundi í Haag, og hafa enskar, franskar, þýskar og austurískar konur heitið að vera með. Auk þess mæta þar fulltrúar frá öllum Norðurlöndum nema Íslandi. (Gerðum vér ekki ráð fyrir að neinar konur hér mundu nota sér þetta boð. Kvenréttindafélaginu íslenska var auðvitað boðið að senda fulltrúa, og allar konur, voru velkomnar sem greiddu tillög til fundarins.) Hefst fundurinn 28. apríl og stendur yfir til 1. maí. Verða þar ræddar ýmsar tillögur sem miða að því að skora á stjórnir þjóða að jafna deilumál sín með alþjóðagerðardómi. Afnema alla leynilega utanríkisstjórn, en leggja úrskurð þeirra mála undir þjóðirnar sjálfar eða þing þeirra. Og fyrst af öllu: Að stiórnirnar í ófriðarlöndunum birti sem fyrst friðarskilmála þá, sem þær vilja fá framgengt. —

Í Englandi hefir verið stofnað nýtt friðarfélag sem heitir »Union of democratic Control«. Það boðaði til almenns friðarfundar 14. apríl og bauð öllum félögum í Bretlandi að taka þátt í honum og senda 2 fulltrúa. Sömuleiðis bauð það útlendum kvenréttindafélögum að senda fulltrúa og skýrslur, um hvort þau væru þessu fylgjandi.

Tillögurnar sem ræða átti voru svipaðar og á Haagfundinum.

Stærsta kvenréttindafélagið á Englandi hélt ársfund sinn í febrúar. Á honum mótmælti það ófriðnum kröftuglega og samþykti líkar tillögur og hinir fundirnir.

Í Ameríku á að vera stór friðarfundur í Chicago, er Mrs C. Chapmann Catt ein af frumkvöðlunum. Verða svipaðar tillögur ræddar þar og samþyktar.

Fyrsta markmið allra þessara funda er að mótmæla sem kröftuglegast öllum stríðum, og leitast við að koma þeirri skoðun inn hjá þjóðunum að þau séu alveg ólögmæt og ranglát, að engin mál eigi að úrskurðast af herafla, heldur af alþjóðagerðardómi, og að þjóðirnar einar hafi vald til að ákveða hvort þær skuli lenda í öllum þeim hörmungum sem því fylgja eða ekki. En þá verði konurnar að hafa um það jafnan atkvæðisrétt, og til þess verði þær að fá full pólitísk réttindi. Það verði fyrsti og öruggasti vegurinn til að tryggja stöðugan alþjóðafrið.

Áskoranir frá merkustu konum bæði í Þýskalandi og Austurríki, hafa líka komið fram í fjölda blaðanna, þar sem þær skora á allar konur Norðurálfunnar að leggjast á eitt til að taka í taumana og afstýra þessum voðalega ófriði, sem sé sannnefnt þjóðamorð, eða þjóðaslátrun. Kveða þær það mundi mikið stoða, ef allar konur, bæði hlutlausra ríkja og ófriðarríkja, gerðu alt, sem unt væri til að mótmæla þessu, og á þann hátt sköpuðu það almenningsálit, sem gerði slík stríð óhugsandi aftur.

Af öllu þessu má sjá að konurnar hafa nóg að starfa, og að þær starfa á annan hátt en karlmennirnir. Öll þeirra viðleitni vinnur að því að skapa varanlegan frið, og velferð þjóðanna með friðsamlegum meðölum. Og þótt menn leggi ef til vill, ekki mikinn trúnað á áhrif slíkra friðarstarfa, »á þessu stigi málsins« þá holar dropinn steininn, og að lokum vinnur vonandi sá hugsunarháttur sigur. —

Vænlegri stjórnmálahorfur?

Eins og mönnum er kunnugt þá hefir nýlega orðið ráðherraskifti. Sig. Eggerz er farinn frá, og prófessor Einar Arnórsson kominn í hans stað. Hann var einn af þeim þremur þingmönnum, sem konungur boðaði utan á sinn fund.

Margar getur voru leiddar að því hvaða áhrif þessi utanför þeirra mundi hafa á pólitísku stórmálin; stjórnarskrána og fánamálið. Flestir bjuggust við að einhver þeirra tæki við stjórninni. En gátum vér vænst þess að þeir mundu leysa þann gordiska rembihnút sem sjálfstæðisflokkurinn og ráðherra hans höfðu hnýtt svo rækilega? Var nokkur von til þess að þessir þrír sjálfstæðisþingmenn *vildu* leitast við að greiða úr þessari pólitísku vandræðabendu?

Já, vér *vonuðum* öll að þeir mundu eitthvað gera til að *reyna* að greiða úr mesta ólaginu, mundu reyna að fá þessi tvö stórmál »endurlífguð«, og afgreidd sem lög, einkum af því að vissa var fyrir því að H. Hafstein mundi hafa fengið loforð hjá konungi um einhverja tilhliðrun, sem hann taldi nægja til þess að stjórnarskráin og fánamálið mundi verða samþykt. — —

Eins og menn vita hafa þeir félagar lítið látið uppi um erindislok sín, annað en það, að þeir telja líklegt að fá megi hvorutveggju málunum framgengt með kjörum, sem *þeir* álíti aðgengileg.

Menn skyldu nú ætla að flokkur sá. sem einhuga samþykti Stjórnarskrármálið, að Benedikt Sveinssyni einum undanteknum, mundi taka fegins hendi við slíkum málalokum. Og það því fremur, sem þetta voru einmitt kröfuhörðustu mennirnir. Að minsta kosti hafði E. Arnórsson mannamest unnið að því með ritgerðum sínum í Ingólfi; og víðar, að fá menn á þá skoðun að Stj.skr. ætti ekki að samþykkjast á þeim grundvelli, sem lá fyrir þinginu 1914. Mönnum hefði því fundist líklegt að sú trygging sem lá í því, að *hann* væri nú

ánægður með grundvallarskilyrðin fyrir samþykt stj.skr. væri fullnægjandi fyrir flokkinn.

En því er ver og miður fyrir samlyndishorfurnar, að svo virðist ekki vera. Eftir því sem lengra líður frá heimkomu þremenninganna og meira er talað um málið, eftir því verða foringjarnir æstari gegn því, Og nú síðast eftir ráðherraskiftin kastar algerlega tólfunum. Nýja ráðherrann, sem þeir nýlega hófu til skýjanna fyrir ríkisréttarlega þekkingu, lítur út fyrir að þeir vilji nú hvorki sjá né heyra. Ef spá má í eyðurnar, eftir fundinum, sem haldinn var hjá þeim 5. þ. m., þá er ekkert líklegra en að þeirra *helztu* forkólfar mundu hrópa yfir honum krossfestingardóm, og heldur kjósa hvaða Barrabas, sem vera skyldi. — Auðvitað inst innan úr sínum eigin flokki.

En þetta gerir horfurnar vænlegri fyrir stjórnarskrána. Eftir framkomu leiðtoga flokksins hingað til, þá hafa þeir ekkert gert annað í því máli en leggja allstaðar stein í götu þess, reynt á allan hátt að koma því fyrir kattarnef, og það þeir menn, sem mest hafa hælt sér af fylgi sínu við aðalbreytingaratriðin. Alvaran og hreinskilnin hafa verið svona ríkar. Að þeir nú vilja fyrir hvern mun koma í veg fyrir að ráðherra E. Arnórsson geti náð nauðsynlegu flokksfylgi sprettur auðsjáanlega af því, að þeir óttast að hann muni greiða úr málinu og fá það staðfest af konungi. Það eru þessar horfur, sem vér vonum að séu góðs viti, og sigurvon fyrir málstað vorn kvennanna.

Það er því með gleðri von, sem vér heilsum ráðherraskiftunum. Vér vonum að þar sem sá fráfarandi ráðherra, með tilstyrk flokksforingja sinna gerði allar vonir vorar að engu, og steypti vorum íslenzku stjórnmálum í þær ógöngur sem varla var sýnilegt að þær kæmust úr óvirðingarlaust, þá séu nú *líkur* til að fari að rakna úr þeim, og þau komist aftur á réttan kjöl.

Og fái nýi ráðherrann okkar með tilstyrk góðra manna þessu fram komið, þá á] hann sannarlega skilið fylgi vort við fyrstu kosningarnar, sem við konur tökum beinan þátt í sem kjósendur.

Húsfreyjur og mæður Norðurálfunnar!

Frá öllum löndum koma nú heitar áskoranir frá konum til systra þeirra í hinum löndunum, að stuðla að friðarhug hjá þjóðunum. Þótt flest hernaðarlöndin, það er að segja karlmennirnir, megi ekki heyra frið nefndan á nafn, þá eru þó konurnar boðnar og búnar til að hjálpa hver annari. Þýzkar konur skora á allar konur að hjálpa rússnesku Pólverjunum þótt þeir tilheyri óvinaþjóð. Og bæði í Austurríki og Englandi hafa verið settar á fót nefndir kvenna, sem staðið hafa fyrir upplýsinga skrifstofum, til að leita að týndum hermönnum óvinaþjóðanna, sem ekki hafa fundist á dánarskrám, eða frétst til. Sama hefir átt sér stað í Belgíu og Sviss, og jafnvel í Þýzkalandi og Rússlandi. Allar þessar konur finna til sömu hjartasorgarinnar út af ástvinamissirnum og skelfingum þeim, sem dynja yfir þjóðirnar. Þær hafa ekkert atkvæði haft um hvort hefja skyldi þennan ófrið. Þær geta því ekkert annað en hrópað mótmæli sín út í heiminn, og svo unnið að því að draga eftir mætti, úr hörmungunum heima fyrir. Þannig hrópar hin stórmerka þýzka kona frú Heyman mótmæli sín, svo átakanlega og kröftuglega, sem að eins hlutlausir óhorfendur geta gert, sem engan þátt hafa átt í því að þessi blóðugi sorgleikur var hafinn.

Hún segir:

»Eldingu hins skelfilegasta af öllum stríðum sló niður í sumardýrðinni og kveykti í allri Evrópa. Upplitsdjarfar og hugprúðar gáfu konur ófriðarlandanna

menn sína til þess að vernda föðurlandið. Mæður og meyjar létu syni sína og unnusta fara frá sér út í dauða eyðileggingarinnar, án þess að láta sér bregða. Heima unnu þær hvíldarlaust að því, að koma í veg fyrir þá andlegu, líkamlegu og fjárhagslegu neyð, sem ófriðurinn hafði í för með sér.

Sumarið leið, haustið kom, nú er miðvetur. Milljónir manna hafa fallið í valinn. Aldrei sjá þeir heimili sín aftur. Aðrir koma heim sjúkir á líkama og sál. Mestu menningarborgir — heimili, þar sem sönn hamingja bjó — eru eyðilögð. Jarðvegur Evrópu rýkur af blóði. Mannablóð mun verða áburður bylgjandi akra framtíðarinnar í Þýzkalandi, Frakklandi, Belgíu og Rússlandi. Milljónir kvenhjartna loga af angist. Engin tunga heimsins er svo auðug að orðum, að hún geti lýst þessum þjáningum í allri þeirra dýpt.

Á þetta stríð að halda áfram? Evrópu, konur — hvar eru raddir yðar?

Eruð þér einungis sterkar í því að þola og líða? Getur ekki jörðin, sem rýkur af mannablóði, miljónir sjúkra líkama og sálna manna yðar, sona og unnusta, hörmungar þær, sem kynsystur yðar verða að líða, — getur ekki alt þetta vakið yður til að hefja upp brennandi mótmæli.

Í Suðurlöndum hafa karlmenn komið saman til þess að tala um frið.

Í Norðurlöndum hafa karlmenn komið saman til að vinna að friði.

Evrópu konur, hvar er rödd yðar, sem þér áttuð að hefja til sá friði í kring um yður. Látið þá ekki hræða yður, sem segja, að það sé vegna veikleika yðar að þér óskið friðar, að þér munuð ekki stöðva hinn blóðuga gang sögunnar með mótmælum yðar. Reynið að minsta kosti að grípa í hið blóðuga hjól tímans með öllum þeim styrkleika, kjarki og mannúð, sem sæmir móðureðli yðar, þegar þér sjáið börn yðar í óendanlegum hörmungum og lífsháska.

Komið þér saman í suðri, eða norðri, — mótmælið þér af öllu megni, allri yðar sál, þessum ófriði, sem myrðir þjóðirnar, og snúið svo aftur heim til föðurlands og heimkynna yðar og gegnið skyldum yðar, sem konur og mæður, sem verðir sannrar menningar og mannúðar«. — —

Önnur þýsk kona skrifar:

»Alt af geysar stríðið. Daglega krefst það nýrra blóðfórna. 7 mánuðir eru liðnir undir þessu æðistrylta ófriðarmerki.

Húsfreyjur og mæður Evrópu! Ætlið þér lengi að þola að eiginmenn og synir yðar — feður barna yðar, limlesti og myrði hver annan.

Sannlega tökum vér mikla sekt á oss, bæði nú og í framtíðinni, af því vér höfum ekki allar sameinað oss í einu himinhrópandi mótmælahrópi til karlmannanna: »*Hættið* þessum trylta hildarleik, hættið að myrða hver annan. Vér mæður Evrópu viljum ekki þola það lengur. Vér sem höfum fætt yður í heiminn með þjáningum — vér heimtum frið. Vér höfum rétt og heilaga skyldu mæðra og eiginkvenna til að krefjast þess að synir vorir og eiginmenn finni önnur ráð til þess að jafna deilumál sín, en þessa skelfilegu stórslátrun.

Húsfreyjur og mæður Evrópu! Þér hafið enn þá svo mikið vald, sem þér hafið ekki einu sinni þekt sjálfar. Notið það. Nú er ekki lengur tími til að koma í veg fyrir þessar hörmungar. Nú er tími til að græða sárin, til að lina þjáningarnar. til að stöðva manndrápin. Nú hrópar vor stærsta köllun og heilagasta skylda, á oss til þess að hindra áframhald eyðileggingarinnar.

Tökum allar saman höndum, frá austri og vestri, norðri og suðri, Þjóðverjar, Austurríkismenn, Ungverjar, Serbar, Rússar, Frakkar, Englendingar, Tyrkir, og hvað sem þjóðirnar heita nú allar.

Mæður og eiginkonur: Látum oss hrópa til allra stjórna vorra:

»Vér mæður og húsmæður Evrópu, vér þolum ekki lengur þessi gengdarlausu

stórmorð. Vér heimtum frið með hinum heilaga rétti mæðranna.

Gangið til allra miljónanna í öllum löndum með þessa kröfu, gangið með hana fram fyrir landsstjórnir yðar, — allar einhuga og samtaka, — og ekkert vald á jörðunni getur þá lengur haldið friðinum fyrir oss«. — —

Ensk kona ritar í Jus Suffragii:

— — Með hverjum mánuði sem líður hefi eg fundið sterkara og sterkara til allra skelfinga stríðsins, sem eru sameiginlegar fyrir okkur allar. Við finnum í hjarta okkar að þýsku eiginkonurnar og mæðurnar, líða jafnmikið og þær vinkonur okkar hér, sem mist hafa syni sína og eigin menn, eða eins og hinar hugrökku frönsku konur, sem hafa orðið fyrir sömu ógæfunni. Hjarta mitt þjáist með þeim öllum. Við syrgjum allar jafnmikið. Minn elskaði elsti sonur er að eins einn af þúsundi; æ, einn af hundrað þúsundum, sem mun verða drepinn áður en stríðinu linnir. Það er *minn* Hugh, þeirra Jaques, þeirra Fritz, þeirra Nicholaus. Hvað gerir þjóðernið til? Allar mæður finna til hver með annari í þessari sameiginlegu sorg. Hún bindur okkur allar saman, þrátt fyrir ólík þjóðerni, stöður og trúarbrögð. Mæðra hjörtun eru allstaðar eins«.

Enskar konur sendu mótmæla undirskriftir gegn stríðinu til stjórnarinnar. Og gamla Mrs. Despard þreytist aldrei í blaði sínu að mótmæla því, sem algerlega ókristilegu, skaðlegu og gagnslausu að *öllu* leyti. Það leiði af sér hatur, sem beri í sér fræin að nýjum stríðum.

Búlgarskar konur og aðrar fleiri frá Balkanlöndunum sendu líka mótmæla áskorun í blöðin. Þær segjast hafa dýrkeypta reynslu frá síðasta ófriði Balkanlandanna, að jafnvel þeir, sem vinni hinn svokallaða sigur að lokum, verði fyrir óbætanlegum skaða, á allan hátt. Því skora þær á enskar konur að láta ekki ginnast, heldur stuðla af öllum mætti að varanlegum friði. —

Friðaráskorun amerískra kvenna.

Bréf þetta og áskorun frá amerískum konum í Chicago barst ritstjóra þessa blaðs með síðasta skipi. Eins og sjá má af bréfinu senda þær samskonar áskoranir út um allan heim. Eru konur nú víða í löndum farnar að setja á fót hjá sér samskonar friðarnefndir, til að vinna að nafna undirskriftum undir líka áskorun, sem þær senda svo landstjórnum sínum, er senda þær þeim, sem um friðarskilmálana fjalla að lokum, að stríðinu enduðu.

Flest eða öll Norðurlönd hafa sett á fót slíka friðarnefnd. Kvbl. mun síðar ræða þetta mál nákvæmar.

Bréfið og áskorunin var á ensku, en hefði líka verið þýtt á vel skrifaða hreina íslenzku. Hafa því einhverjir Íslendingar líklega verið í friðarnefndinni.

»Háttvirta frú:

Friðarnefnd kvenna snýr sér til kvenna um allan heim til þess að fá þær til að láta einróma þá ósk í ljósi, að framvegis verði allar deilur þjóða á milli, lagðar í gerð:

Í Bandaríkjunum láta kvenfélögin bænarskrá ganga milli manna, og munu þau reyna til að fá undirskrift allra kvenna undir hana, hvort sem þær eru í nokkrum kvenfélögum eða ekki. Þessar undirskriftir verða sendar til Washington, þegar til sættaumleitanna kemur, og vér vonum fastlega, að þær megi stuðla sterklega að því, að stöðugur og almennur friður fáist.

Hér með fylgir eintak af bænaskránni og jafnframt af bréfi því sem sent hefir verið til allra ríkisformanna Kvenréttindafélagasambandsins í Bandaríkjunum.

Viljið þér nú með tilstyrk félagsyðar, eður á annan hátt, er yður finst best, koma á líkri breytingu í landi yðar, svo að sérhver kona megi láta til sín heyra, og beri fram óskir sínar til stjórnarinnar í landinu, að ítrustu tilraunir verði gerðar til þess að fá tryggingu frá öllum þjóðum fyrir því, að fastur friður komist á með gerðardómi.

Gerið svo vel að láta nefndina vita,

hvaða aðferð þér kjósið í þessu efni. Vér vonum að þetta ávarp kvenna megi bergmála í öllum löndum, og oss er ljúft að eiga samvinnu við yður, á hvern hátt sem vera skal.

Með virðinguu

Friðarnefnd kvenna.

Nú hefir

Th. Th. opnað verzlun að nýju, í Hafnarstræti 4 (hús Gunnars Þorbjörnssonar) og verða þar seldar allar þær nýju vörur, sem koma áttu til verzlunarinnar í Austurstræti 14.

Þessar vörur komu með s/s Botnia og s/s Pollux, auk þess sem kom með Sterling og kemur með Vestu.

Vörur þessar eru hinar sömu alþektu, góðu vörur, sem verzlunin var vön að flytja, og verða þær seldar með afarlágu verði.

Eins og gefur að skilja, verður hér fyrst um sinn að eins lítill hluti á boðstólum af því mikla og fjölbreytta úrvali, sem verzlunin hafði áður að bjóða. Þó mun það borga sig, að gleyma ekki

Th. Th.

Hafnarstræti 4.

Til kvenna í Ameríku.

Hryggar í huga út af þessum voðalega ófrið þjóða í milli, og á þessum reynslutíma kvenna um allan heim, hvetjum vér yður til þess að hugleiða skyldu vora.

Mæður um allan heim hljóta að krefjast og fá því framgengt, að börn vor fái að lifa í veröld, þar sem líf, frelsi og leitun gæfunnar séu órjúfanlegur réttur.

Ófriður er dauði og glötun, friður er líf og sköpun.

Lát hverja konu lýsa yfir áhuga sínum á þessu máli, hugsa, tala og vinna, til þess að skapa anda allsherjarfriðar.

Sýnið ósk yðar um heimsfrið með því að rita nöfn yðar undir þetta ávarp, og með því að fá skjótlega allar konur til þess að undirskrifa leiknamikla bænaskrá, er bera megi fram við sætta-umleitanina, til þess að sýna ósk kvenna í Bandaríkjunum um, að allar deilur milli þjóða verði lagðar í gerðardóm.

Vér biðjum hér með konur allra annara þjóða að taka höndum saman við oss og gera þetta að friðarkrossferð, er nái um heim allan.

Friðarnefnd kvenna.

Chicago Political Equality League.

Handklæði og **Dreglar.**

Ódýr

Gardínutau.

Kven og **barnabolir.**

Lífstykki

Skinnhanskar.

Ýms smávara.

Komið til

Th. Th.

Hafnarstræti 4.

Léreftin landkunnu.

18 tegundir jafn ódýr sem fyr.
Par á meðal hið alþekta 26 aura léreft. — Komið til

Th. Th. Hafnarstræti 4.

Aðkomumenn í Reykjavík!

Hvergi í bænum munuð þjer fá betra verð á

Vefnaðarvörum - Þvottavörum - Vinagjöfum

en hjá

Árna Eiríkssyni, Austurstræti 6.

Þar er alt, sem hver þarfnast. Munið að líta þangað inn, áður en þér festið kaup annarstaðar.

Talsími 265. Það mun margborga sig. Pósthólf 277.

Prjònavara:

Karlmannsnærföt, ágæt. Dreagjapeysur.
Kvenn- og Barna- sokkar. — Komið til

Th. Th. Hafnarstræti 4.

Fiður,
Hálf-dúnn,
Dúnn,
kominn til

Th. Th.

Kaupendur

Kvennablaðsins eru beðnir að afsaka mikinn drátt á útkomu blaðsins, sem stafað hefir af algerðu pappírsleysi. Mun framvegis reynt að sjá um að blaðið geti komið út reglulega.

Útgefandinn.